

**Stjórn byggðasamlags UTU - 121. fundur
haldinn á Teams, þriðjudaginn 6. maí 2025
og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson formaður, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri. Ólafur Gestsson, endurskoðandi sat fundinn undir dagskrárlið 1.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur UTU

Ólafur Gestsson löggiltur endurskoðandi frá PWC sat fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti ársreikning UTU fyrir 2024, ársreikningurinn var endurskoðaður af PwC ehf.

Heildartekjur embættisins námu 294,7 millj. kr. og þar af voru þjónustutekjur 172,8 millj., seyrulosun 85,5 millj. kr. og seld þjónusta 36,4 millj. kr. Rekstrarniðurstaða embættisins samkvæmt ársreikningi var 22,4 kr. sem er tilkomið vegna seyrunnar en rekstur skipulags- og byggingarsviðs er rekið á núlli. Aðildarsveitarfélögin ábyrgjast framlög til embættisins ef tekjur þess duga ekki fyrir kostnaði þess. Við yfirferð á kostnaðarskiptingu kom í ljós að uppgjör félagsins vegna bygginga- og skipulagsmála er ekki rétt. Mismunurinn liggur í því að þegar hluti launa skrifstofustjóra (3,2 m.kr.) var áætlaður í seyru þá láðist að lækka launin sem því nemur í skiptingu kostnaðar hjá bygginga- og skipulagsmálum.

Afleiðingin er sú að rekstrarafkoma félagsins er hærri sem nemur 3,2 m.kr., hefði verið jákvæð m 19,3 m. kr. í staðinn fyrir 22,5 m. kr. Þessi mismunur rúmast innan mikilvægismarka í endurskoðuninni. Endurgreiðsla til aðildarsveitarfélaga mun eiga sér stað með kreditreikningi á þessu ári.

Stjórn ræddi ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni.

Samþykkt samhljóða.

2. Uppsögn skipulagsfulltrúa

Lagt fram bréf frá 30. apríl sl. þar sem Vigfús Þór Hróbjartsson segir starfi sínu lausu sem skipulagsfulltrúi. Uppsagnarfrestur eru þrír mánuðir samkvæmt ráðningarsamning.

Stjórn samþykkir að fá ráðgjafafyrirtæki í að auglýsa eftir nýjum skipulagsfulltrúa. Skrifstofustjóra og formanni falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:50.

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Ása Valdís Árnadóttir

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir